

“Vinnustaðasamningur fyrir óreglulegan vinnutíma.”

Fyrir starfsfólk deildar 44 hjá SNV

Í samræmi við fyrirtækjapátt kjarasamninga (kafla 5) er gerður vinnustaðasamningur um vinnufyrirkomulag og vinnutíma í uppsjávarvinnslu milli Síldarvinnslunnar hf. (SVN) og AFL Starfsgreinafélags Austurlands (AFL).

1. gr.

Fyrirkomulag 12 tíma vakta verður, kl. 07-19 DV og kl. 19-07 NV. Greiða skal 4 stundir í dagvinnu og 8 næturvinnutíma+12 bónustíma fyrir dagvaktina (DV) og 4 stundir í dagvinnu og 10 næturvinnutíma + 12 bónustíma fyrir (NV), frá 07 á laugardögum til 07 á mánudögum greiðist næturvinna fyrir alla tíma.

2. gr.

Skipulag vakta verður þannig að stefnt er að 6 vakta lotum með vikulegum frídegi í hverri viku – eða að unnið verði aðra hverja helgi og þá með helgarfríi í tvo sólarhringa hina helgina, frá föstudegi kl. 19:00 og hefst vinna að nýju kl. 7:00 á mánudegi. Verkstjóri jafnar vöktum milli dagvakta og næturvakta í samráði við starfsmenn. Ákvæði um vaktaslit eiga ekki við um helgarfrí.

3. gr.

Starfsmenn fá greiddar 8 vinnustundir minnst hvern virkan dag. Bónustímar greiðast aðeins á unnar vinnustundir. Ef starfsfólk er sent heim vegna hráefnissskorts en án þess að vöktum sé slitið, greiðist viðkomandi vakt að fullu.

4. gr.

Við vaktaslit þar sem vakt ekki nær 12 vinnustundum skal við tímaskrift byrjað á að skrifa 4 dagvinnutíma og síðan að lágmarki 4 NV tíma – nái vinnustundir ekki 8. Sé unnið umfram 8 vinnustundir eru skrifaðir NV fyrir þá tíma sem unnið er umfram 8. Stefnt er að því að verkstjóri gefi starfsfólki kost á að ljúka vaktinni. Verði vinnustundir 10 + greiðist full vakt.

5. gr.

Hefjist vaktir kl. 19:00 fá næturvinnustarfsmenn 2 dagvinnutíma í uppfyllingu smbr. gr. 3.

6. gr.

Vaktaslit skal tilkynna í lok þar síðustu vaktar. Við vaktaslit skal starfsfólk mæta til vinnu kl. 07:00 daginn eftir – þó þannig að 11 stunda lágmarkshvöld sé náð. Nái hvíldartími inn á vinnutíma greiðist uppfylling sem því nemur. (dæmi: starfsmaður lýkur vakt kl.23.00, hann mætir kl. 10.00 næsta dag og fær 4 DV í uppfyllingu + unna tíma.)

7. gr.

Verkstjóri ákveður hvenær vöktum er slitið og getur endað eða byrjað vaktir í slátrun/bolfisk/önnur störf meðan beðið er eftir hráefni.

8. gr.

SVN getur sett á “rúllandi” vaktir ef þess er kostur. Þá eru unnar 6 vaktir á 7 sólarhringum. Þannig geta frídagar lent á virkum dögum og er þá ekki greidd uppfylling. Verði vaktaslit daginn fyrir vaktafrí gilda ákvæði smbr. gr. 3.

9. gr.

Óheimilt er að blanda saman “rúllandi” vaktakerfi og “helgarfrí” vaktakerfi.

10. gr.

Vinnufyrirkomulag er þannig að starfsmenn vinna smkv. pásukerfi 5 + 1 og falla þá önnur neysluhlé niður.

11. gr.

Ef vinnsla stöðvast lengur en 30 mínútur skal stöðvunartíminn dreginn frá bónustímafjölda. Starfsmenn aðstoða iðnaðarmenn eftir því sem þeir geta og þörf er á við að koma búnaði aftur í lag. All-ir starfsmenn hafa mikil áhrif á virkni búnaðar með umgengni sinni og eftir því sem starfsmenn læra betur að meðhöndla búnaðinn því meiri líkur eru á að búnaðurinn vinni rétt og skili öllum betri afkomu. Stöðvunartími umfram 30 mínútur vegna hráefnisskorts er einnig dreginn frá.

Stefnt er að því að birta áætlaðan bónus dagsins næsta dag á eftir. Staðallinn hækkar samkvæmt umsömdum hækkunum í kjarasamningi starfsmanna. Allir starfsmenn í húsinu vinna að sameiginlegu markmiði þ.e. að vinna uppsjávarafurðir. Borgað er fyrir hvert kg sem er framleitt samkvæmt stöðlum kr/kg. Þeir starfsmenn sem gert hafa sérstaka ráðningarsamninga þar sem bónusgreiðslur eru komnar inn í tímakaup að öllu eða hluta – taka ekki bónus samkv. ákvæðum þessa samnings.

12. gr.

Gildistími samnings þessa er til 3ja mán frá og með 01.10.2006 ef ekki koma fram athugasemdir á þeim tíma þá verður gildistíminn ótímabundinn með uppsagnarákvæði samkvæmt grein. 5.7 í kjarasamningi. Þar með falla fyrri samningar um óreglulegan vinnutíma úr gildi.

Neskaupstað 01.10.2006

F.h. AFLS, Starfsgreinafélags Austurlands.

* Með fyrirvara um samþykki félagsmanna AFLS

Fh. Síldarvinnslunnar hf.